

Sæll Geir

Ef ég byrja á að kynna mig þá heiti ég Hafsteinn Eyland.

Ég er stjórnarmaður í Akstursíþróttafélagi Hafnarfjarðar og stjórnarmaður MSÍ sem er sérsamband bif og vélhjóla innan ÍSÍ.

Mál þetta varðar akstur ungmenna á götum bæjarins.

Á ný afstöðnum stjórnarfundum MSÍ kom til tals akstur ungmenna á óskráðum hjólum í Hafnarfirði. Töluvert hefur verið um kvartanir frá bæjarbúum til sérsambandsins og til AÍH.

Samhliða miklum samdrætti í þáttöku ungmenna í keppnum höfum við ákveðið að fara í smá herferð gegn þessum vanda.

Við hjá AÍH höfum ný lokið við að smíða braut sem liggur við Rallycrossbrautina í Kapelluhrauni. Brautin er eingöngu fyrir börn og unglínga. Við hjá AÍH höfum ákveðið í samstarfi við MSÍ að leyfa öllum ungmennum undir 16 ára aldri að aka fritt í brautinni með það í huga að fá þau af götunum og inn á lokað svæði. Einnig viljum við stuðla að því að krakkarnir hugsi um hjólin sem íþrótt og mæti í keppnir frekar en að keyra götur Hafnarfjarðar.

Ég hef leitað til Steins Hlíðars sem sér um Mótorhúsið sem rekið er af bænum. Sjálfur ólst ég upp í Mótorhúsinu og þekki hvað slíkt starf getur gert.

Við viljum nálgast krakkana koma þeim sem ekki hafa aðstöðu inn í Mótorhúsið og inn á braut. Í framhaldi af því sjáum við svo einhverja skila sér í keppni.

Við viljum ekki síður ná til þeirra forráðamanna sem eiga börn á hjólum. Því forvörnin byrjar heima. Við viljum fá foreldra til að hitta okkur með krökkunum og kynna þessar hugmyndir fyrir þeim. Við viljum að foreldrar gefi sér tíma til að skutla krökkunum upp á braut og als ekki láta þau keyra sjálf að heiman og upp á svæði.

Við erum enn að velta þessum hugmyndum fyrir okkur og hvernig er best að framkvæma.

Við sjáum veturinn hentilegan til að hefja forvarnar og kynningarstarf svo allir séu með á nótunum þegar snjóaleysir í vor.

Endilega vertu í bandi sjáiru þér fært að taka þátt í þessu með okkur.

--

Með bestu kveðju / Regards

Hafsteinn Eyland
67 Racing Team Manager
hafsteinn@67racing.is
www.67racing.is
Mobile +345 7713133